



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Stöðuskýrsla frá Samhæfingarstöðinni

Dags: 26.08.2014

Kl.: 17:00

Varðar: Jarðskjálftahrina við Bárðarbungu

Meginatriði:

- Hættustig enn í gildi
- Stöðug jarðskjálftavirkni og jarðskjálftar öflugri
- Lokanir norðan Vatnajökuls eru enn í gildi, en opnað hefur verið fyrir umferð í austanverðu Jökulsárgljúfri og í Ásbyrgi
- Litakóði Veðurstofunnar fyrir flug yfir Bárðarbungu er enn appelsínugulur

Almannavarnastig:

Hættustig almannavarna er enn í gildi.

Samhæfingarstöðin:

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð hefur verið að störfum síðan ákveðið var að loka hálendinu vegna jarðskjálftahrinunnar í Bárðarbungu þann 19. ágúst 2014. Þar fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf vegna jarðhræringanna kringum Bárðarbungu.

Skjálftavirkni:

Skjálftavirknin er enn við það sama. Mest virkni er við enda gangsins norður úr Dyngjujökli. Stærsti jarðskjálfti þessarar hrinu mældist í nótt um klukkan 01:26 og var hann að stærðinni **5.7** og átti hann upptök sín norðantil í Bárðarbunguöskjunni. Þá varð annar jarðskjálfti klukkan 11:56 að stærðinni 4.6 á um 8 km dýpi. Gangurinn er nú kominn um 10 km norður fyrir jökuljaðarinn. Berggangurinn undir Dyngjujökli er nú talinn vera hátt í 40 km langur. Líkanreikningar byggðir á GPS mælingum benda til þess að rúmmálsaukningin í ganginum síðasta sólarhringinn sé 50 milljónir rúmmetra. Þá benda líkanreikningar byggðir á GPS mælingum að heildar magnið í ganginum sé 350 milljón rúmmetrar. Engar vísbendingar eru um að dragi úr ákafa atburðanna. Ekki er hægt að segja til um það á þessari stundu hvert framhaldið verður. Þrír möguleikar eru enn taldir líklegastir:

- Að innflæði kviku stöðvist og skjálftahrinan fjari út og ekki komi til eldgoss.
- Gangurinn nái til yfirborðs og eldgos hefjist. Líklegast er að það verði við norðurenda gangsins. Þá er líklegast að verði hraungos með nokkurri sprengivirkni.
- Gangurinn nái til yfirborðs og eldgos hefjist en verulegur hluti eða öll sprungan verði undir Dyngjujökli. Gosið myndi leiða til jökulhlaups í Jökulsá á Fjöllum og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli.

Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir, t.d. gos í Bárðarbunguöskjunni, en líkur á því eru mun minni á þessari stundu.

Fundir og samstarf:

Vísindamannaráð almannavarna kom saman til fundar í morgun og fór yfir nýjustu gögn vísindamanna. Í framhaldinu var fjarfundur með fulltrúum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra með lögreglustjóranum á Húsavík í þar til að samhæfa aðgerðir og frekari uppfærslur á rýmingaráætlunum í umdæminu

Lokað svæði:



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Lokanir eru í gildi á hálendinu norðan Vatnajökuls sem og í Jökulsárgljúfrum að Dettifossi. Björgunarsveitir og lögregla vakta lokaða svæðið.

Hægt er að nálgast kort með lokunum á vefsíðu Vegagerðarinnar á slóðinni <http://www.vegagerdin.is/media/umferd-og-faerd/Halendi.pdf> (ATH gæti þurft að afrita slóðana og líma inn í vafra)

Veðurstofan hefur lækkað litakóða fyrir flug í appelsínugult og hafa allar takmarkanir á flugi verið felldar úr gildi. Allir áætlunarflugvellir eru opnir.

Upplýsingar:

Mönnun er í Samhæfingarstöðinni um helgina og þar eru veittar upplýsingar og fyrirspurnum svarað. Fjölmiðlateymi er á vakt og er með netfangið info@sst.is og síma 570 2643/44.

www.safetravel.is upplýsingasíða Landsbjargar er uppfærð reglulega.

Næsta stöðuskýrsla:

Næsta stöðuskýrsla verður send út með tilliti til þróunar mála í Bárðarbungu.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild www.almannavarnir.is